

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

1. gr.

Enginn hvalveiðamaður má hafa bækistöðvar hjer á landi fyrir útveg sinn.

2. gr.

Enginn má flytja á land hval nje neinar óunnar afurðir hvala, nema þeirra, er dauðir finnast, hlaupið hafa á grunn eða kvíast í ísum. Heimilt skal þó að drepa andarnefjur, hnísur, höfrunga og önnur smáhveli, þau er almenningur hefir hingað til veitt og hagnýtt sjer.

3. gr.

Enginn maður má leigja, selja nje ljá nokkrum manni land til hagnýtingar við nokkra þá athöfn, er bönnuð er í lögum þessum.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 1000—4000 kr., er renna í landssjóð. Svo skulu og öll veiðarfæri og affli upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð.

5. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal fara með sem opinber lög-reglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1915 og gilda til 1. janúar (1925) 1935*

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

H. Hafstein.